

Fundargerð

Árið 2023, þriðjudaginn 19. desember kl. 8:30, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til rafræns fundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Dan Jens Brynjarsson, Friðjón Einarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson, og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Gústav Aron Gústavssyni, Sverri H. Geirmundssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Gestir undir 5. lið frá Grindavíkurbæ: Guðjón Bragason, Jón Þórisson og Eggert Sólberg Jónsson.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 1. desember

Lögð var fram til samþykktar fundargerð ráðgjafarnefndar frá 1. desember 2023.

Fundargerð frá 1. desember 2023 var samþykkt án athugasemda.

2. Greiðslu- og rekstraráætlun 2023

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2023. Áætlunin byggir á uppfærðum forsendum um áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs á árinu 2023, endanlegum útsvarstofni sveitarfélaganna á árinu 2022 og áætluðum útsvarstofni sveitarfélaga árið 2023.

Nefndin gerði engar athugasemdir við áætlunina.

3. Greiðslu- og rekstraráætlun 2024

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2024. Gert er ráð fyrir að áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs verði 1.196,5 ma.kr., áætlaður álagningarstofn útsvars vegna tekna 2023 verði 2.386 ma.kr. og áætlaður álagningarstofn útsvars vegna tekna 2024 verði 2.537 ma.kr. Gert er ráð fyrir því að tekjur sjóðsins hækki vegna nýundirritaðs samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um breytingu á fjármögnun þjónustu við

fatlað fólk. Hlutdeild sjóðsins í útsvarstekjum sveitarfélaganna vegna fatlaðs fólks hækkar úr 1,21% í 1,44%.

Nefndin gerði engar athugasemdir við áætlunina.

4. Skil á staðgreiðslu

Lagt var fram til umfjöllunar yfirlit yfir staðgreiðsluskil til Jöfnunarsjóðs vegna yfirfærslu á málaflokki grunnskóla og málaflokki fatlaðs fólks. Heildartekjur staðgreiðslu fyrstu 10 mánuði ársins 2023 vegna grunnskóla og fatlaðs fólks nema 37,6 ma. kr.

5. Grindavíkurbær

Verkefnastjóri í húsnæðismálum og vegna fólks af erlendum uppruna

Tekin var til umfjöllunar umsókn um stuðning úr Jöfnunarsjóði frá Grindavíkurbæ, dags. 14. desember 2023, vegna náttúruhamfara. Sótt er um framlag vegna tímabundinnar ráðningar fjögurra verkefnastjóra til að aðstoða stjórnarsýslu sveitarfélagsins við ýmis verkefni er tengjast skólamálum, húsnæðismálum, lýðheilsu- og fjölmennigarmálum og atvinnumálum. Jafnframt er sótt um framlag vegna skólaaksturs grunnskólanemenda í safnskóla á höfuðborgarsvæðinu.

Gestir fundarins upplýstu nefndina um tímabundna ráðningu fjögurra verkefnastjóra til að bregðast við auknu álagi hjá sveitarfélaginu sem skapast hefur í kjölfar jarðhræringanna. Sveitarfélagið horfir fram á aukinn kostnað m.a. vegna skólaaksturs grunnskólanemenda, sem er nýlunda þar sem sveitarfélagið hefur ekki þurft að nýta sér slíka þjónustu áður. Miklar skemmdir hafi orðið á skóla og íþróttabyggingum Grindavíkurbæjar og því verði safnskólarnir fjórir hugsaðir til lengri tíma þar sem ljóst er að mikil uppbygging sé fram undan.

Fram kom að huga þurfi að málefnum sveitarfélagsins til næstu mánaða og jafnvel lengra fram á næsta haust. Jafnframt blasir við að tekjufall sveitarfélagsins verði mikið en að á sama tíma verði kostnaðarliðir óbreyttir eða hækki.

Fram kom að fjárhagsleg staða sveitarfélagsins sé sterk og handbært fé áætlað um 400 m.kr. í lok árs 2024 í þessu ástandi. Fjárhagsleg staða sveitarfélagsins sé þó í mikilli óvissu, ekki sé vitað hversu margir komi til með að flytja lögheimili sitt úr sveitarfélaginu og reiknað er með allt að 60%

tekjumissi. Lagðir verða á fasteignaskattar en óljóst er með álagningu gjalda er tengjast fasteignum og mikil óvissa er um þróun útsvarstekna. Mikil óvissa ríkir því um fjárhagsáætlanagerð sveitarfélagsins.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til við innviðaráðherra að Grindavíkurbæ yrði veitt framlag að fjárhæð 60 m.kr. vegna tímabundinnar ráðningar fjögurra verkefnastjóra og kostnaðar vegna skólaaksturs grunnskólabarna.

Fram kom að fulltrúar í ráðgjafarnefnd telja mikilvægt að fundað verði með fulltrúum í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi frekari aðkomu sjóðsins að stuðningi við Grindavíkurbæ.

Dan Jens Brynjarsson og Hörður Hilmarsson sátu hjá við afgreiðslu málsins.

6. Útgjaldajöfnunarframlög

Ný áætlun á grundvelli nýrrar tekjuskerðingar

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 18. desember 2023, um tillögu að hækkun útgjaldajöfnunarframlaga á árinu 2023 um 750 m.kr. ásamt endanlegri áætlun um skiptingu framlaga á grundvelli nýrrar tekjuskerðingar.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja endanlega áætlun um úthlutun útgjaldajöfnunarframlaga ársins 2023 að fjárhæð 15.500 m.kr.

Viðbótarframlög vegna skólaaksturs

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 18. desember 2023, um viðbótarframlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli á grundvelli B-hluta 14. gr. reglugerðar nr. 1088/2018. Heildarfjárhæð framlaga vegna skólaaksturs úr dreifbýli er áætluð 750 m.kr. á árinu 2023. Til úthlutunar koma 575 m.kr. sem koma til greiðslu mánaðarlega með jöfnum greiðslum á grundvelli áætlanagerðar og 175 m.kr. koma til úthlutunar á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur á árinu 2023 umfram áður áætluð framlög. Skerðing framlaganna tekur mið af hámarkstekjum í hverju sveitarfélagi sbr. forsendur við útreikning endanlegra tekjuföfnunarframlaga árið 2023. Umsóknir um viðbótarframlag eftir

skerðingu eru að fjárhæð 579.328.270 kr. sem eru aðlagðar að fjármagni til ráðstöfunar samtals 175 m.kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja endanlega áætlun um viðbótarframlög vegna skólaaksturs á árinu 2023 að fjárhæð 175 m.kr.

Akstursþjónusta fatlaðra barna úr dreifbýli

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 15. desember 2023, varðandi áætlun um framlög vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk úr dreifbýli. Umsóknir bárust frá 17 sveitarfélögum þar sem sótt er um samtals 37 leiðir og árlegur kostnaður er 52 m.kr. samanlagður. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að heildarframlag fyrir árið 2023 verði 25 m.kr. og hámarksframlag per km verði 216 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja tillögu að framlagi vegna akstursþjónustu fatlaðra barna úr dreifbýli að fjárhæð 25 m.kr.

7. Fasteignasjóður

Greiðsla í sjóðinn á árinu 2023

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 15. desember 2023, varðandi framlög úr Jöfnunarsjóði í Fasteignasjóð á árinu 2023. Samkvæmt d-lið 13. gr. b. laga um tekjustofna sveitarfélaga eru tekjur Fasteignasjóðs framlag af tekjum Jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðs fólks. Samkvæmt 13. gr. a. skal tekjum Jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðs fólks varið til jöfnunar vegna þjónustu við fatlað fólk að frádregnum kostnaði vegna yfirfærslunnar. Hvorki í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, í reglugerð um framlög í Jöfnunarsjóð vegna þjónustu við fatlað fólk né í reglugerð um Fasteignasjóð er fjallað um hvert framlag Jöfnunarsjóðs í Fasteignasjóð skuli vera. Vegna sterkrar fjárhagslegrar stöðu Fasteignasjóðs er lagt til að framlag Jöfnunarsjóðs í Fasteignasjóð verði 0 kr. á árinu 2023.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja tillögu um að framlög Jöfnunarsjóðs í Fasteignasjóð verði 0 kr. árið 2023.

Drög að ársreikningi 2022

Lögð voru fram til kynningar drög að ársreikningi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 2022.

Nefndin gerði engar athugasemdir við drög ársreikningsins.

YFIRFÆRSLA MÁLAFLOKKS FATLAÐS FÓLKS

8. Kostnaðarskipting málaflokks fatlaðs fólks

Samkomulag og áhrif á Jöfnunarsjóð

Lagt var fram til umfjöllunar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 18. desember 2023, varðandi samkomulags ríkis og sveitarfélaga vegna málaflokks fatlaðs fólks og áhrif þess á regluverk Jöfnunarsjóðs. Nýtt samkomulag sem var undirritað 15. desember 2023 kveður á um hækkun hlutdeildar sveitarfélaga í útsvars-/tekjuskattsstofni um 0,23% frá árinu 2024 og verður eftir breytinguna 1,69%. Í samkomulaginu er einnig kveðið á um breytingar á veitingu þjónustu og regluverki Jöfnunarsjóðs.

9. Almenn framlög vegna fatlaðs fólks

Endanleg framlög 2023

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 15. desember 2023, varðandi 4. áætlun almennra framlaga vegna málefna fatlaðs fólks. Áætlunin hefur verið uppfærð frá 3. áætlun m.t.t. nýliðunar, endurmats stuðningsþarfa og brottfalls þjónustuþega, hvort sem er vegna andláta eða af öðrum ástæðum.

Greiðslur reiknast vegna 1.591 notenda samanborið við 1.550 notendur í 3. áætlun 2023 og 1.517 í endanlegum framlögum 2022. Athygli vekur að hlutfall notenda sem greitt er með á grundvelli skráðs kostnaðar eykst úr 17% upp í 21% á milli ára og eru þeir notendur nú 328 talsins.

Lögð var fram bókun Friðjóns Einarssonar: Fyrirvari við að 4. áætlun yrði grundvöllur endanlegra framlaga 2023 ef kæmu fram nýjar upplýsingar er varða notendagrunn ársins hjá Reykjanesbæ.

Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin endanleg framlög vegna fatlaðs fólks 2023.

10. Almenn framlög vegna fatlaðs fólks

Önnur áætlun framlaga 2024

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 18. desember 2023, varðandi 2. áætlun almennra framlaga vegna málefna fatlaðs fólks fyrir árið 2024. Áætlunin var tekin upp að þessu sinni til að endurspegla breytingar á skipan útsvarshlutfalla sveitarfélaga í kjölfar samkomulags ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun málaflokks fatlaðs fólks. Árið 2024 hækka mörk útsvars sveitarfélaga um 0,23% útsvarsstofns frá því sem var árið 2023 og hlutfall Jöfnunarsjóðs í útsvarstekjum vegna málaflokksins um samsvarandi fjárhæð. Eftir breytinguna mun Jöfnunarsjóður úthluta 1,44% útsvarsstofns vegna málaflokksins en eiginfjármögnun sveitarfélaga verður áfram 0,25% útsvarsstofns.

Samhliða fjárhæðarbreytingunni sem af þessu leiðir var notendagrunnur uppfærður og miðað að mestu við sama notendagrunn og í endanlegum framlögum 2023 en hann er nýrri en notendagrunnur að baki 1. áætlun 2024. Áætlunin tekur einnig til brottfalls notenda sem hafa látist, farið á hjúkrunarheimili eða uppfylla af öðrum orsökum ekki lengur viðmið um framlögin.

Ráðgjafarnefnd gerir ekki athugasemd og samþykkir áætlunina.

11. Vistheimilið Bjarg

Beiðni um viðbótarframlög árið 2024

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 18. desember 2023, varðandi vistheimilið Bjarg. Rekstur Bjargs hefur verið í járnnum um langt skeið og voru framlög úr Jöfnunarsjóði hækkuð á þessu ári með þeim hætti að auk framlagsins sem tengist verkaskiptasamningum var jafnframt greitt til Bjargs á grundvelli SIS mats. Í erindi Bjargs er óskað eftir viðbótarframlagi byggt á ákvæði í 1. tl. 4. gr. rgl. nr. 192/2023 sem heimilar að ráðstafa fjármagni m.a. til einstakra verkefna.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að hafna erindinu.

12. Umsókn um framlög vegna innra eftirlits

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 17. desember 2023, varðandi umsókn vegna innra eftirlits (sveitarfélög innan SSH án Rvk). Kópavogsbær hefur óskað eftir framlagi frá Jöfnunarsjóði til að standa undir kostnaði við framkvæmd eftirlits með heimilum, skammtímadvölum og vinnustöðum fatlaðs fólks. Í erindinu kemur fram mikilvægi innra eftirlits ásamt auknum kröfum ríkis til sveitarfélaga varðandi málefni fatlaðs fólks.

Ráðgjafarnefnd frestar málinu til næsta fundar.

13. Lengd viðvera fatlaðra grunn- og framhaldsskólanemenda

Tillaga að úthlutun framlaga árið 2023

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 15. desember 2023, varðandi lengda viðveru 2023.

Kostnaður vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólabarna í 5.-10. bekk og framhaldsskólanemenda fellur undir heildarfjárhagsramma vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga. Greiðslurnar koma sem framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Fjármagn til ráðstöfunar nemur samtals 207.000.000 kr. á árinu 2023 og er gert ráð fyrir að 161.460.000 kr. komi til úthlutunar vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólanemenda og 45.540.000 kr. vegna lengdrar viðveru fatlaðra framhaldsskólanemenda.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að fresta til næsta fundar.

14. Framlög vegna samþættingar í þjónustu við börn

Tillaga að úthlutun framlaga

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 18. desember 2023, varðandi drög að uppfærðri reglugerð um framlög til að mæta kostnaði sveitarfélaga vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna á árinu 2024. Áætluð framlög á árinu 2024 nema 1.100 m.kr. Framlögina eiga að mæta kostnaði sveitarfélaga vegna samþættingar í þágu barna.

Úthlutun framlaga eru á grundvelli fjögurra breyta sem allar hafa jafnt vægi og byggja á upplýsingum frá Hagstofu Íslands:

1. Fjöldi barna í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2023.
2. Fjöldi barna með stuðning í leik- og grunnskólum.
3. Fjöldi barna á lágtekjuheimilum.
4. Fjöldi barna af erlendum uppruna.

Framlög verða enduráætluð í janúar 2024 þegar upplýsingar er byggja á tekjuviðmiðum og stuðningi í grunn- og leikskóla liggur fyrir.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja tillögu að framlagi vegna samþættingar í þjónustu við börn að fjárhæð 1.100 m.kr.

15. Framlög vegna eflingar tónlistarfræðslu

Tillaga að úthlutun framlaga – 7. gr.

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 12. desember 2023, um eflingu tónlistarnáms skv. 7. gr. 2022-2023. Framlag á hvern nemanda fyrir skólaárið 2023-2024 er 545.237 kr. og eru samþykktar umsóknir fyrir 27 nemendur sem er fjölgun um 5 nemendur frá fyrra skólaári. Heildarupphæð framlagsins er því 14.721.393 kr. sem greitt verður í 12 jöfnum greiðslum á 12 mánuðum.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja áætlun um framlög vegna eflingar tónlistarfræðslu að fjárhæð 14.721.393 kr.

16. Næsti fundur

Fundaráætlun fyrir 2024 liggur fyrir. Örlitlar breytingar verða á fyrirhuguðum fundardögum. Næsti fundur verður 18. janúar á Teams.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 12:01.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir